

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 6/2008

frá 1. febrúar 2008

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og
vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2007 frá 7. desember 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/19/EB frá 30. mars 2007 um breytingu á tilskipun 2002/72/EB um plastefni og -hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli og tilskipun ráðsins 85/572/EBE um skrá yfir herma til notkunar við mælingar á flæði efna úr plastefnum og -hlutum sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli ⁽²⁾, ásamt leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 94, 4.4.2007, bls. 71, og Stjtið. ESB L 97, 12.4.2007, bls. 50.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/42/EB frá 29. júní 2007 um efni og hluti, sem gerðir eru úr filmu úr endurmynduðum sellulósa, sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli ⁽³⁾.
- 4) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2007/42/EB fellur úr gildi tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/10/EBE ⁽⁴⁾, en hún hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 5) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XII. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í 36. lið (tilskipun ráðsins 85/572/EBE):

„, eins og henni var breytt með:

- **32007 L 0019**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/19/EB frá 30. mars 2007 (Stjtið. ESB L 91, 31.3.2007, bls. 17) með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 94, 4.4.2007, bls. 71, og Stjtið. ESB L 97, 12.4.2007, bls. 50.“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 124, 8.5.2008, bls. 15, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 26, 8.5.2008, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 91, 31.3.2007, bls. 17.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 172, 30.6.2007, bls. 71.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 310, 14.2.1993, bls. 41

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzb (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/72/EB):
 - **32007 L 0019**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/19/EB frá 30. mars 2007 (Stjtíð. ESB L 91, 31.3.2007, bls. 17) með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 94, 4.4.2007, bls. 71, og Stjtíð. ESB L 97, 12.4.2007, bls. 50.“
3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 54zzzr (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 372/2007):
 - „54zzzs. **32007 L 0042**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/42/EB frá 29. júní 2007 um efni og hluti, sem gerðir eru úr filmu úr endurmynduðum sellulósa, sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli (Stjtíð. ESB L 172, 30.6.2007, bls. 71).“
4. Brott falli texti liðar 54h (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/10/EBE).

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2007/19/EB, með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 94, 4.4.2007, bls. 71, og Stjtíð. ESB L 97, 12.4.2007, bls. 50, og tilskipunar 2007/42/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. febrúar 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.